

**Nd.**

**213. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Við 1. tölul. 18. gr. bætist: Þó veitir slíkt iðnbref ekki réttindi nema í því lögsagnarumdæmi, þar sem það er gefið út, enda sýni bréfið greinilega að svo sé.

**2. gr.**

Á eftir 19. gr. kemur ný grein, er svo hljóðar:

Til þess að sjá um framkvæmd þessara laga og laga nr. 11 frá 31. maí 1927, um iðnaðarnám, má í kaupstöðum landsins kjósa iðnráð, og verða með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsvið þess og kosningu.

**3. gr.**

Þriðja málsg. 27. gr. (sem verður 28. gr.) orðist svo:

Þeim, sem höfðu rétt til að reka iðn eða hafa nemendur hinn 1. jan. 1928, og þá ráku sjálfstæða iðn, skal afhenda ókeypis iðnbref eða meistarabref innan 3 mánaða frá því, er lög þessi öðlast gildi. Eftir að meistara- og iðnbrefum hefir verið útbýtt á þennan hátt, má enginn nema þeir, sem lög þessi undanþiggja, reka iðn sjálfstætt iðnbrefslaus og enginn taka lærlinga í kaupstöðum meistarabrefslaus.